

SÁLF2BT05

Lífeðlisleg sálfræði

Prep: 2. þrep**Staða áfanga:** Áfangi er valáfangi og nauðsynlegur undanfari 3. þreps áfanga í sálfræði (nemendur velja annað hvort SÁLF2BT05 eða SÁLF2BP05)**Kennsla:** Áfanginn er kenndur bæði á haustönn og vorönn.**Undanfarar:** SÁLF2AA05**Stutt lýsing á efni áfangans:**

Í áfanganum fá nemendur kynningu á taugakerfinu, með sérstakri áherslu á miðtaugakerfið. Farið er yfir byggingu taugafrumna, taugaboð, taugaboðefni, byggingu og þróun heilans, ólíka virkni heilahvelanna og samspil taugakerfisins og sálarlífsins. Fjallað er sérstaklega um geðraskanir og áhrif vímuefnanotkunar á taugakerfið. Að auki er fjallað um sjónskynjun, svo sem líffræði augans, hvernig unnið er úr sjónáreitum í heilanum, dýptarskynjun og litaskynjun. Einnig er fjallað um svefn, þær lífeðlislegu breytingar sem verða á líkamsstarfsemi í svefni, tilgang svefns og atriði/sjúkdóma sem trufla getu fólks til þess að sofa.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Taugafrumur, boðefni, taugaboð, taugamót, vímuefni, geðraskanir, þróun, heilinn, augað, sjónskynjun, skynvillur, svefn, draumar, svefnrannsóknir, svefnraskanir.

Námsmat:

Tímaverkefni, tímapróf, tilraunaskýrsla, rannsóknarritgerð og lokapróf.

Námsefni:

Aldís Unnur Guðmundsdóttir og Jörgen L. Pind. (2003, 2005, 2008). *Almenn sálfræði: Hugur, heili og hátterni*. Mál og menning.
